



Jafnlaunastefna

Embætti landlæknis

Tilgangur og gildisssvið

Jafnlaunastjórnunarkerfi nær til alls starfsfólks sem er í ráðningarsambandi við embætti landlæknis.

Jafnlaunastefna

Markmið jafnlaunastefnu embættis landlæknis er að tryggja að öllu starfsfólki séu greidd jöfn laun og njóti sömu kjara fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf. Við launasetningu og launabreytingar skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað og skulu laun ákveðin á sama hátt fyrir allt starfsfólk. Laun skulu taka mið af þeim kröfum sem eðli og umfang starfsins gera. Embættið greiðir laun í samræmi við gildandi kjarasamninga, þar með talið stofnanasamninga. Launaákvæðanir skulu vera gagnsæjar og málefnalegar. Á þetta við um öll starfskjör og réttindi sem metin eru til fjár. Tryggja skal öllu starfsfólki jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, stöðuhækkana, endurmenntunar, launa og starfsþjálfunar. Unnið skal stöðugt að umbótum á jafnlaunakerfi, þar með talið því að leitast við að útrýma óútskýrðum kynbundnum launamun, sé hann til staðar. Landlæknir ber ábyrgð á jafnlaunastjórnunarkerfi embættisins og að það sé í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna [nr. 150/2020](#). Sviðsstjóri rekstrar og öryggis er fulltrúi landlæknis og framkvæmdastjórnar varðandi kerfið og ber ábyrgð gagnvart þeim.

Embættið skuldbindur sig til að:

- Viðhalda vottuðu jafnlaunastjórnunarkerfi sem byggir á staðlinum ÍST 85.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og sem eiga við um jafnlaunastjórnunarkerfið.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athuga hvort óútskýrður kynbundinn launamunur mælist. Niðurstöður launagreiningar sem er til úttektar skal kynnt starfsfólki embættisins.
- Bregðast við frábrigðum með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt árlega.
- Halda rýni stjórnenda árlega þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.

Stefnan skal vera kynnt og vera aðgengileg öllu starfsfólki ásamt því að vera aðgengileg almenningi á vefsíðu embættisins.

Jafnlaunastefna er jafnframt launastefna embættisins.

Stefna uppfærð 19. ágúst 2025.